

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2020

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á 750. fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2020 verði sem hér segir:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,207%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,105%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,316%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 29.725	pr. íbúð

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,105%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,585%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,105%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni www.mos.is

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á www.island.is og íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Fasteignagjöld skiptast á níu gjalddaga frá 15. janúar til 15. september. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalddagi þeirra 15. janúar.

Greiðslu má inna af hendi með greiðsluseðlum, í heimabanka og í bönkum. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Nánari upplýsingar um greiðslumöguleika fást í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is eða í Þjónustuveri.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

2020 Afsláttur	Tekjur einstaklinga 2018		2020 Afsláttur	Tekjur samskattaðra einstaklinga 2018	
	Frá	Til		Frá	Til
100%		5.267.999	100%		6.848.999
80%	5.268.000	5.591.999	80%	6.849.000	7.269.999
60%	5.592.000	5.934.999	60%	7.270.000	7.715.999
40%	5.935.000	6.299.999	40%	7.716.000	8.189.999
20%	6.300.000	6.686.999	20%	8.190.000	8.692.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is